

# Samþykkt fyrir Brunavarnir á Héraði

## 1. gr. Aðild að samlaginu

Aðild að samlaginu eiga sveitarfélögin Fljótsdalshreppur og Fljótsdalshérað.

## 2. gr. Tilgangur og aðsetur

Tilgangur samlagsins er að afla og reka, tæki og búnað til slökkvistarfs ásamt rekstri slökkvistöðvar eins og lög og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma. Laun slökkviliðsmanna og slökkviliðsstjóra er ekki hluti af þessum samþykktum.

Aðsetur slökkvistöðvar er á Egilsstaðaflugvelli. (Fljótsdalshéraði)

## 3. gr. Stjórn og stjórnarkjör

Stjórn Brunavarna á Héraði skal skipuð 3 mönnum sem sveitarstjórnir tilnefna eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar, þannig að Fljótsdalshérað tilnefnir 2 og Fljótsdalshreppur 1. Kjörtímabil er sama og sveitarstjórna. Jafnframt skal á sama hátt kjósa 3 varamenn. Sveitarfélögin tilnefna hvort fyrir sig 1 skoðunarmann reikninga. Fundur stjórnar er ályktunarhæfur ef meirihluti stjórnar er mættur til fundar.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

## 4. gr. Hlutverk stjórnar

Hlutverk stjórnar er að hafa með höndum stjórn fjárreiða samlagsins, gerð fjárhagsáætlunar að fengum tillögum frá slökkviliðsstjóra.

Sjá um rekstur og fjárfestingar Brunavarna á Héraði sem grundvallast á Brunavarnaáætlun sveitarfélaganna og tillögum slökkviliðsstjóra.

Fjárhagsáætlun Brunavarna á Héraði skal árlega lögð fyrir sveitarstjórnirnar eigi síðar en 1. nóvember.

Stjórn getur ályktað til sveitarstjórnanna um öll mál er snerta brunavarnir í sveitarfélögunum.

Formaður stjórnar boðar fundi og sér um að fundargerðir stjórna Brunavarna séu lagðar fyrir sveitarstjórnir.

## 5. gr. Fjármál

Þegar tillaga stjórnar að fjárhagsáætlun hefur verið samþykkt af sveitarfélögunum skal áætlaður kostnaður sveitarfélaganna greiddur á bankareikning Brunavarna mánaðarlega.

kostnaður hvors sveitarfélags um sig skiptist sem hlutfall af váttryggingaverðmæti húseigna í sveitarfélögunum.

#### **6. gr. Endurskoðun**

Endurskoða skal samþykktir byggðasamlagsins innan 10 ára. Hvoru sveitarfélagi fyrir sig er auk þess heimilt að óska endurskoðunar á samþykkt fyrir Brunavarnir á Héraði með sex mánaða fyrirvara, þó þannig að ný samþykkt taki gildi um áramót. Um úrsögn úr byggðasamlaginu fer eftir sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998.

Með samþykkt þessari er úr gildi fallin samþykkt fyrir Brunavarnir á Héraði frá 18. febrúar 1992.

Egilsstöðum 29. nóvember 2006

---

oddviti Fljótshrepps

---

bæjarstjóri Fljótshéraðs